

Ársskýrsla Bláa hersins 2018.

Janúar.

Gengin svæði meðfram girðingum við Leifsstöð og Ásbrú. Farið til Tallinn í vikutíma, fyrst á Leaders Academy í 4 daga síðan 3 dagar á ráðstefnunni fyrir World cleanup day. Bauð 2 starfsstúlkum frá Landvernd á ráðstefnuna til að aðstoða við World Cleanup Day í September. Teknar myndir í fjörum Reykjanesskagans.

Febrúar.

Fleiri svæði mynduð, bæði Reykjanes sem og í Ölfusi við Víðisand og Strandakirkju. Plokkarar hvattir til dáða og að skrá viðburði sína á vefsvæðið Hreinsum Ísland. Fundað með Landvernd um WCD. Fundaði með forsetanum.

Mars.

Girðingarhreinsanir á svæðum kringum Keflavíkurlugvöll, NV hringur og Ásbrú. BH og Landvernd ásamt kvikmyndatökuliði vinna fyrir Dimmblá í Mölvík. Myndir teknar í grjótgörðum Reykjavíkur. Fundað með Borgarstjóra og Hafnarstjóra Faxaflóahafna og hvattir til að hreinsa strandlengju höfuðborgarinnar. Fundað með Fengur í Hveragerði. Sótti stórar baujur í Þórshöfn. Fór með Stjörnuhiminn drengi í tvær ferðir í Mölvík. Fundað með WCD teyminu, kallað Team Iceland.

Apríl.

Luke Day kom í heimsókn frá LDIW og var í 4 daga. Fórum víða, heimsóttum ráðherra og fyrirmenni og skoðuðum fjörur fyrir WCD. Víðisandur valin. Stóð landeiganda í Kúagerði að meintum ólöglegum förgunaraðgerðum og kærði athæfið til HES. Dagur umhverfisins haldin hátíðlegur í Grindavík með Landvernd, setning Hreinsum Ísland verkefnisins. Girðingarhreinsanir x3 við Leifsstöð og Ásbrú. Hreinsun með Matís í Grafarholti. Keypt ný kerra hjá Toyota frá Brenderup. Hreinsunarverkefni hjá Þekkingarsetrinu í Sandgerði. Hreinsun á Hringtorgi og nágrenni við FLE. Shannon Arnold kemur í heimsókn frá Kanada til að undirbúa ráðstefnu í haust. Fundað með henni og Hafró og fl.

Maí.

Hreinsum Ísland með Njarðvíkurskóla og Akurskóla. Samnorræni strandhreinsidagurinn Reykjanesi, Kosningafólk í hreinsunarverkefnum á Ásbrú (Samfylking-Píratar) Sjálfstæðimenn í Garði og Sandgerði í sveitarfélaginu. Hreinsanir x 4 Ásbrú. Gerður pokasjóðssamningur við H og M og Lindex. Árlegur hreinsidagur Isavia og BH við FLE. Afhentir styrkir til Sandgerðisskóla og Holtaskóla.

Júní.

Sjóminjasafnið opnar og sýnir m.a fjörurusl sem BH safnaði fyrir sýninguna. Kópavogur plasthreinsunarverkefni. Ásbrú girðingar x 2.

Júlí.

Sandvík hreinsuð, Ásbrú x 2, Go beyond border í hreinsun í Grindavík. BH og Dagmar Aaen skipsáhöfn saman í OSPAR verkefni í Mölvík. Hreinsað í Miðnesheiðinni. Víðisands verkefnið skipulagt með starfsmönnum Bandaríska sendiráðinu.

Ágúst.

Patterson skoðað og myndað, skrifuð blaðgrein í Víkurfréttir. Sandhöfn hreinsuð tvisvar sinnum með SEEDS. Melabergsfjara hreinsuð með SEEDS. Mölvík hreinsuð með Backroads og SEEDS og kvikmyndað af Sagafilm. Hreinsum Ísland (WCD) sett formlega með Bandaríska sendiráðinu og fjölda fólks frá öðrum félagasamtökum og sendiráðum. TF-LÍF kom á staðinn. Kvikmyndað af starfsfólki frá þættinum Kveik sem er á RUV.

September.

Undirbúningur fyrir WCD þann 15 sept. Eigendur aðstöðunnar í byggingu #771 á Ásbrú reka okkur út úr húsnæðinu. Hreinsaðar fjörur við Herdísarvík með SEEDS. Verkefnið Hreinsum Ísland tilnefnt til Umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs og tilkynnt á Akureyri með viðburði sem forsætisráðherra bauð til. BH og Landvernd mættu á viðburðinn. Ráðstefnu um málefni hafsins og var frestað vegna viðkvæmni Hafró að taka þátt, frekar sorglegt.

Hreinsunarverkefni í girðingum við FLE og Ásbrú. Alheimshreinsunardagurinn haldinn 15 sept. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfiráðherra mættu ásamt starfsfólki forsætisráðuneytis. Enginn fjölmiðill kom á staðinn. Flutningar í gáma sem eru staðsettir fyrir utan aðstöðuna. Stór tæki og tól flutt í óupphitað húsnæði í Sandgerði tímabundið. Forsetinn sendi mynd af sér að hreinsa til.

Október.

Hreinsunarverkefni við FLE og Ásbrú í girðingum. Flutningar í gámana. Farið til Osló og tekið þátt í verðlaunaafhendingu Norðurlandaráðs.

Nóvember.

Húsnæði fundið og leigt. Flutningar settir í forgang og verðmætum bjargað úr óupphituðu húsnæði. Farið í nokkrar fjörur í eftirlitsferðir.

Desember.

Teknir hefðbundir girðingarrúntar á Ásbrú og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Höfum fyllt 5 gáma af rusli sem eru 4 rúmmetrar að stærð (front loading gámar) í girðingarverkefnunum í og við Keflavíkurflugvöll í ár. Toyota endurnýjar samning við BH og við fáum Toyota Hilux Invincible silfurgráan til eins árs. Þáttur um plast sýndur á RUV sem Kveikur gerði, mjög góður þáttur.

Verkefnin í ár voru 100 og 1660 manns komu í þessi verkefni og skiluðu 4900 vinnustundum í sjálfboðavinnu. Hreinsuð voru 40 tonn í verkefnum Bláa hersins. Varlega áætlað munu Plokkarar á Íslandi hafa verið um 3300 og skilað álíka magni og Blái herinn til endurvinnslu eða samtals 80 tonn.

Frá stofnun Bláa hersins árið 1995 og til áramóta 2018 hafa verið hreinsuð 1490 tonn úr umhverfinu sem 8600 manns tóku þátt í sem liðsmenn okkar og vinnustundir þeirra yfir 71 þúsund.

Sign. TJK